

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í gegnum umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 13. maí 2026

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (EES-innleiðing), 604. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. apríl sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent ofangreint mál til umsagnar. LL taka undir þau markmið frumvarpsins um að hvetja til þátttöku langtímafjárfesta og efla stjórnarhætti.

Eins og rakið var í umsögn LL í samráðsgátt, dags. 26. febrúar sl., þar sem fjallað var um drög að frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar, telja LL óheppilegt að félög sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði geti átt umfangsmikil viðskipti við tengda aðila án aðkomu hluthafafundar að ákvörðunartöku. Slík aðkoma væri betur í samræmi við þá meginreglu sem fram kemur í 95. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, um að það sé hluthafafundar að taka afstöðu til viðskipta þar sem mikilvægir hagsmunir félagsins eru undir og hætta er á hagsmunaárekstrum. Þá væri eðlilegt að atkvæðisréttur tengda aðilans félli niður við slíka atkvæðagreiðslu, enda hætta á að tengdi aðilinn, sé hann stór hluthafi, geti að öðrum kosti tekið ákvörðun sem gengur gegn hagsmunum minnihlutaeigenda.

Í umsögn Kauphallar Íslands hf., dags. 27. febrúar sl., um drög að frumvarpi sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda, er jafnframt vakin athygli á vanköntum við að miða mikilvæg viðskipti við 5% af heildareignum, eins og frumvarpið gerir enn ráð fyrir, enda getur virði eigna fyrirtækis verið umtalsvert hærra en markaðsvirði þess. Bendir Kauphöllin á að ef miðað er við 5% af heildareignum gætu félög átt viðskipti við tengda aðila upp á allt að þriðjung af markaðsvirði félagsins án þess að þurfa að bera þau undir stjórn, byggt á heildareignum og markaðsvirði þeirra íslensku félaga sem nú eru skráð í Kauphöllina. Kauphöllin leggur því til að í skilgreiningunni á mikilvægum viðskiptum verði miðað við 5% af heildareignum *eða 5% af markaðsvirði, hvort sem er lægra.*

LL taka undir þessa ábendingu Kauphallarinnar og er hún til úrbóta. Ábendingu Kauphallarinnar til viðbótar benda LL á að ef ekki er einnig miðað við markaðsvirði er hætta á því að reglan sé í reynd óvirk hjá félögum með mikla skuldsetningu líkt og á t.d. oftast en ekki við í tilviki banka og fasteignafélaga.

Til að auðvelda nefndarmönnum að setja þetta í samhengi má taka dæmi af félögum sem skráð eru í kauphöll. Ef mikilvæg viðskipti eru aðeins miðuð við heildareignir, eins og gert er í frumvarpinu, þyrfti ekki að bera viðskipti Íslandsbanka við tengda aðila upp á rúmlega 86 milljarða króna undir stjórn, hvað þá hluthafafund. Mörkin myndu hins vegar lækka niður í rúmlega 12 milljarða ef miðað væri við markaðsvirði. Mikill munur væri einnig á mikilvægismörkum hjá Heimum (12ma. og 3,3ma.) og Skel (2,9ma. og 1,6ma.).

	Heildareignir	Markaðsverð	Eigið fé
Skel	57.895	31.271	42.064
5% viðmið	2.895	1.564	
Markaðsviðmið sem hlutfall af heildareignum	2,7%		
Heimar	240.405	66.607	79.483
5% viðmið	12.020	3.330	3.974
Markaðsviðmið sem hlutfall af heildareignum	1,4%		
Íslandsbanki	1.728.147	249.418	225.359
5% viðmið	86.407	12.471	
Markaðsviðmið sem hlutfall af heildareignum	0,7%	2.494,18	

Fjárhæðir í millj. kr.

LL hafna því jafnframt að í því felist einhvers konar gullhúðun að miða við lægri mörk en 10% eða að vísa viðskiptum við tengda aðila til ákvörðunar hluthafafundar. Í 1. mgr. 9. gr. c í SRDII er skýrt tekið fram að það sé aðildarríkjanna að ákveða mörk mikilvægra viðskipta og hafa aðildarríkin farið mismunandi leiðir í þeim efnum, eins og ágætlega er tekið saman í greinargerð með frumvarpi. Þá segir einnig berum orðum í SRDII að það sé aðildarríkja að ákveða hvort hluthafafundir eða stjórnir samþykki viðskipti.¹ Í ljósi þess að venjuleg viðskipti á eðlilegum viðskiptakjörum eru undanskilin þykir LL mikilvægt að önnur mikilvæg viðskipti séu borin undir hluthafafund.

Þá vekja LL loks athygli á því að komið var til móts við ábendingu samtakanna um að notast við hugtakið „efnislegar breytingar“ í stað „mikilvægra breytinga“ í 2. gr. frumvarpsins. LL telja að gera ætti sömu breytingu á 2. mgr. 79. gr. a.

LL vísa að öðru leyti til þess sem fram kom í umsögn LL í samráðsgátt, dags. 26. febrúar sl. Þá hefur LL tekið saman yfirlit yfir breytingar á 3. gr. frumvarpsins sem kæmu til móts við þau sjónarmið sem hér hafa verið reifuð og er það yfirlit að finna í fylgiskjali.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

¹ 4. mgr. 9. gr. c í tilskipun 2017/828. „Member States shall ensure that material transactions with related parties are approved by the **general meeting** or by the administrative or supervisory body of the company according to procedures which prevent the related party from taking advantage of its position and provide adequate protection for the interests of the company and of the shareholders who are not a related party, including minority shareholders.“ (leturbr. LL)

Vinnuskjal LL vegna mögulegra breytinga á 3. gr. frumvarpsins

Í félagi með hlutabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði á Evrópska efnahagssvæðinu skulu mikilvæg viðskipti milli félagsins og tengdra aðila samþykkt af ~~stjórn~~ **hluthafafundi** félags áður en viðskiptin eru framkvæmd. **Tengdir aðilar hafa ekki atkvæðarétt varðandi slíka ákvörðun.** Stjórnarmaður sem tekur þátt í viðskiptum við tengda aðilann skal ekki taka þátt í að samþykkja viðskiptin. Stjórn félags skal setja verklagsreglur til að tryggja hagsmuni félagsins og hluthafa sem ekki eru tengdir aðilar. Við mat á því hvað teljist mikilvæg viðskipti við tengdan aðila skal miða við öll viðskipti félagsins við sama tengda aðilann á viðkomandi reikningsári.

Með tengdum aðila er í kafla þessum átt við tengdan aðila í skilningi 41. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006.

Með mikilvægum viðskiptum er í kafla þessum átt við viðskipti þar sem gangvirði þeirra er 5% eða meira af heildareignum samkvæmt síðasta birta samstæðureikningi félagsins **eða 5% af markaðsvirði, hvort sem er lægra.** Ef félagið gerir ekki samstæðureikning skal útreikningurinn fara fram með hliðsjón af síðasta birta ársreikningi þess.

Félagi ber að birta tilkynningu um mikilvæg viðskipti við tengdan aðila **og boða til hluthafafundar** eins fljótt og auðið er eftir að samningur um viðskiptin hefur verið gerður. Tilkynningin skal að lágmarki innihalda upplýsingar um eðli tengsla félagsins við tengda aðila, nafn tengds aðila, dagsetningu samnings um viðskiptin, gangvirði viðskipta og önnur atriði sem nauðsynleg eru til að meta hvort **fyrirhuguð** viðskiptiunum hefur verið lokið á skilmátum sem verða að teljast sanngjörnarnir fyrir félagið og fyrir þá hluthafa sem ekki eru tengdir aðilar. Birting skal fara fram á vef félagsins þar sem tilkynning skal vera aðgengileg almenningi í fimm ár.

Ef félag á í fleiri viðskiptum við sama tengda aðila á sama reikningsári eða sama 12 mánaða tímabili, sem hver um sig uppfylla ekki viðmið 3. mgr., skal það enn fremur birta tilkynningu **og boða til hluthafafundar** skv. 4. mgr. þegar samtala viðskiptanna fer yfir 5% eða meira af heildareignum samkvæmt síðasta birta samstæðureikningi eða síðasta birta ársreikningi félagsins ef félagið gerir ekki samstæðureikninga **eða 5% af markaðsvirði, hvort sem er lægra.**

Ákvæði 1.–5. mgr. taka ekki til viðskipta sem eru liður í venjulegum viðskiptum félagsins á eðlilegum viðskiptakjörum. Stjórn félags skal setja verklagsreglur um reglubundið mat á því hvort viðskipti falli undir 1. másl. Tengdir aðilar sem viðskiptin hafa áhrif á mega ekki taka þátt í matinu. 1.–5. mgr. eiga auk þess ekki við um:

1. Viðskipti milli félags og dótturfélaga þess nema tengdir aðilar eigi hagsmuna að gæta í dótturfélagi.
2. Skýrt skilgreindar tegundir viðskipta, sem verða að vera samþykktar af hluthafafundi félags.

3. Viðskipti er varða starfskjör forstjóra, meðlima félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, sbr. 79. gr. a.

4. Viðskipti sem lánastofnanir framkvæma á grundvelli ráðstafana sem miða að því að vernda stöðugleika þeirra og Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt.

5. Viðskipti sem öllum hluthöfum bjóðast á jöfnum kjörum, þannig að tryggt sé jafnræði allra hluthafa og hagsmuna félagsins.

Ákvæði 3.–6. mgr. gilda um viðskipti milli tengdra aðila félags og dótturfélaga þess.

Ákvæði 1.–7. mgr. skulu ekki hafa áhrif á reglur um birtingu innherjaupplýsinga skv. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021.